



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningarinnar  
Carnegie Art Award 2000  
í Gerðarsafni  
6. apríl 2001**

Góðir sýningargestir

Það er svo sannarlega gleðiefni að fagna komu þessarar fróðlegu og fjölbreyttu sýningar til Íslands.

Carnegie sýningarnar eru einstakur viðburður í norrænu listalífi. Á metnaðarfullan hátt er hin skapandi list heiðruð með merkjum verðlaunum og um leið varpað ljósi á frjóa gerjun og nýsköpun í norrænni menningu, listamennina sem með ögrandi sannfæringarkrafti leiða okkur inn á nýja velli.

Við Íslendingar metum það mikils að taka þátt í þessu samstarfi og sérstaklega erum við þakklát fyrir að fá tækifæri til að sjá verk Hreins Friðfinnssonar og Tuma Magnússonar í samhengi við framlag annarra norrænna afburðamanna sem hér bjóða okkur til veglegrar listaveislu.

Hreinn var einn þeirra brautryðjenda sem fyrir röskum aldarþriðjungu mynduðu SÚM – hópinn og mörkuðu áhrifarík þáttaskil í íslensku listalífi, veittu nýjum straumum inn í menningu okkar, birtu henni ný viðmið og mælikvarða sem breyttu allri umræðu um listsköpun meðal Íslendinga.

Nú fögnum við Hreini í hópi verðlaunahafa Carnegie sýningarinnar og óskum Tuma Magnússyni til hamingju með þátttöku hans í sýningunni.

Ved åpningen her i dag vil jeg få takke Carnegie for det initiativ man har tatt, for den innsats man har gjort, og for de enestående ambisjoner man har hatt når det gjelder nordisk kunst. Dette er bestrebelser som har gitt oss et utvalg av internasjonal standard fra nordiske kunstneres atelier.

Til tross for de gode samhold og det gode vennskap som er mellom landene i nord, er kjernen i disse bestrebelse den, at vi alltid må ta utgangspunkt i det som er best og ypperst her i verden, og at en endelig dom om verdien av nordisk kunst, må kunne oppfylle de strengeste krav i henhold til internasjonal målestokk.

Það er einmitt þetta samspil norrænnar og alþjóðlegrar hugsunar sem orðið hefur aðalsmerki Carnegie verðlaunanna og á þann hátt hafa þau orðið merkilegt framlag sem minnir okkur á að halda vöku okkar og falla ekki frá ítrustu kröfum um altæk gildi listarinnar.

Listamennirnir sem hér sýna verk sín hafa tekið slíkri áskorun og færa hana hér í Gerðarsafni í okkar fang, ögra okkur til nýrrar sýnar og umhugsunar um hina óendanlegu fjölbreytni sem býr í listagáfu mannsins.

Með þeim orðum og þakklæti til Carnegie og listamannanna er mér það mikil ánægja að opna sýninguna hér á Íslandi.